

KVÖÐ EÐA KOSTUR

Samantekt eftir þing um stöðu fornleifaverndar á Íslandi

Unnið fyrir Fornleifavernd ríkisins

Febrúar 2012

I. Kjarni málsins

1. Nauðsyn er á endurnýjun skýrrar stefnumörkunar á sviði fornleifaverndar sem tekur bæði á fornleifaskráningu og fornleifaverndun.
2. Skilgreina þarf skýrar hlutverk hagsmunaaðila og aðkomu þeirra að því að móta og framfylgja stefnumótun á sviði fornleifaverndar.
3. Byggja þarf upp innviði í takt við stefnumótun þar sem margvísleg verkefni eiga sér samastað í öflugri stofnun sem samræmir aðgerðir.
4. Efla þarf þverfaglegt samráð hagsmunaaðila, innra samstarf, miðlun upplýsinga, skilning einstaklinga og eftirfylgni forgangsaðgerða milli hagsmunaaðila á sviði fornleifaverndar.
5. Traustur fjárstofn er lykilatriði við að framfylgja skýrri stefnumörkun á sviði fornleifaverndar þar sem verndun minja fær það vægi sem sviðið á skilið.
6. Mikil tækifæri liggja í aukinni samvinnu á milli fræðimanna á sviði fornleifaverndar og ferðaþjónustuaðila þar sem hagsmunir beggja fara að stórum hluta saman.
7. Samstaða þarf að vera um grunnhugtök á sviði fornleifaverndar og merkingu þeirra t.a.m. hvað eru umhverfismál og fjárveitingavaldið vinni út frá þeim skilningi.
8. Skráning fornleifa er stærsta einstaka verkefnið sem staðið er frammi fyrir og er staðan í dag óviðunandi þar sem eftir er að skrá um 70% af landinu.
9. Samræmdur, miðlægur gagnagrunnur fornleifarannsóknar og skráningar er forsenda framfara og betri stöðu og um hann þarf að marka stefnu sem tryggir aðgengi og notkun.
10. Flóra og möguleikar miðlunar eru ört vaxandi og hefur skapað möguleika á að gera hlutina spennandi og búið til vettvang sem getur margfaldað miðlun áhugaverðra upplýsinga um minjar og sögu.

Málþing um stöðu og framtíðarsýn fornleifaverndar á Íslandi var haldið að frumkvæði Fornleifaverndar ríkisins þann 18. nóvember 2011. Til þingsins voru kallaðir fjölmargir hagsmunaaðilar sem tengdust málefnum á einn eða annan hátt. Ráðgjafar frá Capacent voru fengnir til að undirbúa málþingið, stýra umræðum og vinna samantekt helstu niðurstaðna.

Það sem hér fer á eftir er afurð þeirrar umræðu sem átti sér stað á málþinginu. Markmið samantektarinnar er að halda utan um fjörlega og uppbyggilega umræðu þingsins í þeirri von og vissu að hún verði jarðvegur að frekari samvinnu hagsmunaaðila í þessu mikilvæga verkefni.¹

II. Stefna og framtíðarsýn

1. Kallað er eftir skýrari stefnumörkun á sviði fornleifaverndar þar sem málaflokkurinn nýtur sannmælis og hefur það vægi sem hann á skilið og honum ber, sem mikilvægur þáttur í varðveislu sögunnar og þjóðararfsins.
2. Marka þarf stefnu almennt um verndun fornleifa. Um leið þarf hlutverk og framtíðarsýn málaflokksins að fá raunverulegan stuðning í formi fjármagns til framkvæmda. Bent er á að norska ríkið hefur mótað slíka heildarstefnu sem fylgt er eftir með fjármögnun á sviði minjavörslu og hliðstæðra verkefna.
3. Frumvarp að nýjum og vönduðum lögum um menningarminjar var unnið í miklu og góðu samstarfi við fagaðila. Brýnt er að afgreiða þau sem lög sem fyrst til að þau gagnist sem ytri rammi stefnumótunar. Rétt er að geta þess að fornleifastefna var unnin 2005 og verður eðlilega litið til þeirrar stefnu við mótnun nýrrar stefnu. Afurð slíkrar stefnumótunar gæti birst í nokkurskonar Hvítbók sem gerði grein fyrir menningararfinum og tengingu hans við heildstæða löggjöf og áherslur til framtíðar.
4. Stefnumótun þarf að taka afstöðu til fjölmargra atriða þar með talið skilgreininga af ýmsu tagi. Má þar nefna hvað á að gera með verndun minja sem eru yngri en 100 ára svo sem stríðsminja á borð við braggahverfið fyrir utan Fjarðabyggð og vikurvinnsluna á Snæfellsnesi. Minjar þurfa ekki að vera 100 ára til að vera merkilegar og því þarf að endurskoða skilgreiningar í stefnumótun málaflokksins. Um leið þarf að skilgreina hvenær fornleifavernd snýr að uppbyggingu og merkingu gamalla þjóðleiða, biskupsleiða, leiða í verbúðir og ferjustaða.
5. Sem hluta af stefnumótun þarf að móta áherslur um þróun og stöðu fornleifafræðinnar sem fræðagreinir m.a. út frá kennslu og fjölda fornleifafræðinga. Atvinnuleysi hefur verið í stéttinni og það er mikilvægt að brugðist sé við því og kröftum veitt í aukin verkefni. Mikilvægt er að gerð sé skýr krafa um að framhaldsmenntun í fornleifafræði sé forsenda þess að hægt sé að fá leyfi til fornleifarannsókna þar sem slík menntun er forsenda vandaðar rannsóknaráætlana. Um leið þurfa öll úthlutunarleyfi svo sem rannsóknarleyfi, framkvæmdaleyfi og fjármagn til rannsókna að vera gagnsæ og skýr. Þessir þættir hafa verið í tilteknum farvegi undanfarin ár sem felur í sér samspil Fornleifaverndar ríkisins við fjölmarga hagsmunaaðila svo sem rannsóknaraðila, fornleifafræðinga, menntamálaráðuneyti og sjóði á vegum ríkisins.

III. Hagsmunaaðilar

1. Ljóst er að bæði er þörf og áhugi á stefnumótun málaflokksins með aðkomu þeirra fjölmörgu hagsmunaaðila sem málið snertir. Mikilvægt er að stefna og framtíðarsýn byggji á faglegum grunni og tekið hafi verið tillit til allra sjónarmiða þannig að sátt sé um áherslur. Fyrir liggur nýtt frumvarp um sameiningar og breytingar á stjórnun fornleifa sem sýnir áhuga stjórnámálanna, en nauðsynlegt er að tryggja að stefna sé útfærð á grunni þeirra laga sem er umgjörð málaflokksins. Stefnan þarf auk þess að draga fram nauðsyn þess að jafnvægi ríki milli landshluta.

¹ Lista yfir þátttakendur á málþinginu er að finna aftast í samantekt þessari.

2. Stefnumótun verður að tilgreina hagsmunaaðila og hlutverk þeirra við að framfylgja stefnu á sviði fornleifaverndar. Með því er átt við að skýr lýsing liggja fyrir á ólíku eðli hlutverka þ.e. sumir hafi rannsóknarhlutverk, sumir framkvæmdarhlutverk og enn aðrir hlutverk í fjármögnun. Einkum er brýnt að tekið sé tillit til mismunandi hlutverka stofnana eins og Fornleifaverndar og Þjóðminjasafns og einkaaðila, fyrirtækja og sveitarfélaga, ekki síst hvað varðar fjármögnunarpáttinn. Sem dæmi má nefna mismunandi hlutverk þegar minjar finnast svo sem ákvörðun um að grafa eða grafa ekki, greiðslu kostnaðar sem fylgir uppgreftri o.s.frv. Í dag er það hlutverk Fornleifaverndar ríkisins að ákveða hvort eigi að grafa og síðan hefur verið boðið í rannsóknir. Stefnan þarf því að taka skýrt á samspili fornleifamála og framkvæmda á viðkomandi svæði t.d. vegna virkjana. Leikreglur verða að vera skýrar og öllum kunnar.
3. Mikilvægt er að taka tillit til aðstöðumunar sveitarfélaga þegar kemur að fornleifum. Þannig ráða fámenn sveitarfélög oft yfir gríðarlegu landflæmi og gera verður þeim kleift að sinna því hlutverki sem þau hafa við verndun minja. Um þetta, sem og stöðu sveitarfélaga sem lögbundins ábyrgðaraðila vegna fornleifaskráningar, vantar frekari umræðu m.a. um fornleifaskráningu í tengslum við skipulagsvinnu sveitarfélaga.

IV. Skipulag

1. Í takti við skýra framtíðarsýn á sviði fornleifa þarf að byggja upp þá innviði sem best eru til þess fallnir að raungera þá sýn. Í því felst að byggja upp stofnun sem hefur víðtækt hlutverk og burði til að vinna verkefni og samræma aðgerðir. Lykilatriðið er að margvísleg verkefni sem snúa að skráningu og verndun fornleifa eigi sér samastað í einni stofnun sem auðveldar samræmingu og framkvæmd aðgerða á því sviði.
2. Stofnunin hefði það hlutverk að forgangsraða þeim verkefnum sem brýnast er að takast á við næstu mánuði og ár. Mikilvægt er að samstaða sé um þann forgang og þar þarf að taka tillit til margvíslegra sjónarmiða. Skoða þarf m.a. minjar sem einkaaðilar eða sveitarfélög hafa ekki áhuga á að rannsaka sem og minjar sem eru áþekkar öðrum eða einsleitar.
3. Um leið og skipulag og áherslur stofnunarinnar er mótað þarf að ákveða hvar stofnunin á best heima í stofnanskipulagi ríkisins. Vegna fjölbreytni þeirra verkefna sem slík stofnun kæmi að, má hugleiða hvort hún eigi betur heima innan Mennta- og menningarmálaráðuneytisins eða Umhverfissráðuneytisins.
4. Sterk stofnun, sem leggur áherslu á þverfaglegt samráð, er forsenda betri stöðu og framkvæmda aðgerða í samræmi við jákvæða framtíðarsýn á sviði minjaverndar. Það þýðir stórauðna áherslu á samvinnu allra hagsmunaaðila, bæði opinberra, einkaaðila, safna, sveitarstjórna, fræðimanna sem og annarra. Leikreglur við slíka samvinnu þarf að hugsa vel einkum m.t.t. samkeppnissjónarmiða. Einnig má hugsa sér enn meiri útvíkkun á umræðunni og draga inn í deigluna aðila úr þjónustufyrirtækjum, skapandi greinum, skáld og leikara.

V. Stjórnun

1. Sérstaklega þarf að huga að samspili hins opinbera og einkaaðila. Huga þarf að þróun síðustu ára til að hámarka virkni samspilsins þar sem frumkvæði fær notið sín án þess að það komi niður á gæðum í faglegu starfi.
2. Skipulag á rekstri og umsjón þeirra minja sem miðlað verður til samfélagsins þarf að skipuleggja vel og þá einkum með því að huga að hlutverki staðarvarða sem styðja við verkefnið. Benda má á fyrirkomulag og reynslu af staðarverði í Þingeyrarkirkju sem gott dæmi. Fjölsótt svæði sem byggir á vandaðri umgjörð, framkvæmd og rekstri. Staðarverðir eru lykillinn að markvissum rekstri.
3. Leggja þarf sérstaka áherslu á að smíða brýr á milli fræða og framkvæmda í formi miðlunar á fortíðinni til samfélagsins. Það er öllum hópum til hagsbóta að styrkja þessa samvinnu og ekki síst gerist það með aukinni samvinnu við heimamenn á hverju svæði innan þess ramma og þeirra leikreglna sem stofnunin hefur sett.

4. Lykilstofnanirnar tvær, Fornleifavernd ríkisins og Þjóðminjasafn Íslands, gegna lykilhlutverki á sviði fornleifa. Annars vegar Fornleifavernd við stjórnsýslu vegna fornleifa en hins vegar Þjóðminjasafnið varðandi forngripi. Út frá þessum hlutverkum þarf að stilla hlut af og samræma þverfaglegt samstarf. Fornleifafræðingarnir sjálfir eru síðan þeir sem keyra málið áfram og hafa forystu um samráð og samvinnu. Reglur þurfa að vera skýrar og taka til samstarfs alla m.a. landvarða og staðarvarða.
5. Almennt verður að auka innra starf í greininni og þar með talið miðlun upplýsinga milli ólíkra hagsmunaaðila í faginu. Það hefur þann tilgang að auka skilning allra á heildarmyndinni og skapa þannig sameiginlega sýn og skilning á þeim þáttum sem þarf að sinna. Jafnframt er mikilvægt að því sé fylgt eftir að reglur komist til skila, þær skyndar og fylgt eftir. Þetta er mögulega hægt að gera með því að setja á laggirnar teymi sem hafa mismunandi hlutverk. Forsenda þess að setja teymi af stað er að mannskapur sé fyrir hendi til að vinna verkefnið.
6. Gæðastjórnun þjónar mikilvægu hlutverki í skipulagningu, samstarfi og framkvæmd. Fagmennska þarf að vera tryggð og gæðaviðmið þurfa að vera skýr þar sem er mikilvægara að gera fáar vandaðar rannsóknir í háum gæðum en margar litlar í lakari gæðum. Rannsóknir sem taka á heildstæðum greiningum s.s. á sviði dýrabeinagreininga, griparannsóknna og skordýragreininga. Hér þarf skýr viðmið og eftirlit en innan ramma sem gefur fornleifafræðingum frelsi til að vinna eftir sínum áherslum hverju sinni.
7. Vinnubrögð á sviði rannsókna og skráningu minja þarf að samræma á þann hátt að þeir sýni áherslur og umgjörð sem unnið er innan. Það nær til á hvern hátt á að nálgast rannsóknir, en einnig á hvern hátt og hvenær á að klára verkefnið þannig að ekki verði til ókláruð verkefni og drög að skýrslum sem aldrei verða gefnar út. Án fullkláraðra verkefna er ekki hægt að miðla niðurstöðum og að samfélagið njóti árangursins. Tengist um leið miðlægum gagnagrunni og uppfærslu skráningarlista inn á honum. Skráningarlista sem einnig tekur til mannvirkja svo sem fjósa, hesthúsa, fjárhúsa og sumarhúsa.
8. Stærri fyrirtæki eru að verða meira og meira meðvituð um þýðingu samfélagslegrar ábyrgðar og þar getur aðkoma og stuðningur við minjavernd verið skynsamleg leið fyrir fyrirtækið að tengjast. Markmiðið er að leggja góða samfélagslegu málefni lið um leið og slíkt getur haft jákvæð áhrif á ímynd fyrirtækis. Í þessu sambandi þarf að gæta þess sérstaklega að fornleifasjónarmiðið komi ekki of seint inn í ferli framkvæmda og skipulags fyrirtækja sem getur takmarkað svigrúm minjaverndar. Með öðrum orðum; að hugað sé að þætti minja við skipulag og framkvæmdir fyrirtækis.

VI. Fjármál

1. Traustur fjárstofn er lykilatriði við að framfylgja skýrri stefnumörkun á sviði fornleifaverndar og tengingu við ferðaþjónustu og aðra þætti þjóðlífisins. Einhverskonar „Framkvæmdasjóður menningarminja“ þ.e. sjóður fyrir minjar sem hafa varðveislugildi en eru ekki friðlýstar. Um væri að ræða sterkan fagsjóð sem hefði fjármagn og byggði á faglegu úthlutunarteymi sem ynni eftir skýrum markmiðum. Opinbert framlag væri ákveðin kjölfesta í starfi sjóðsins en framlög frá hagsmunaaðilum út um allt land gætu veriðgóð viðbót.
2. Reynsla Norðmanna af sjóðnum Kulturmindefond sýnir möguleikana sem felast í því að skipuleggja og nálgast hlutina á markvissan hátt með sterkum sjóði sem hugsaður er fyrir allar menningarminjar. Sjóðurinn byggir á þverpólitískum stuðning á þinginu sem undirstrikar nauðsyn þess að skapa svipaðan skilning og samstöðu á Alþingi um þýðingu menningarminja á Íslandi.
3. Lykilatriðið gangvart íslenskum stjórnvöldum er að mynda eðlilegt jafnvægi í afstöðu til einstakra málaflokka eða sviða í samfélagi og náttúru. Það er einkum horft til þess ójafnvægis sem kristallast í þeim stuðningi sem náttúruvernd fær í samanburði við minjavernd. Tvö svið sem ætti að horfa heildrænt á og því afar óeðlilegt að náttúruvernd fái mun meiri fjárhagslegan stuðning en minjavernd. 84% (2.5 milljarðar) á móti 16% (170 milljónir). Sérstaklega mikilvægt er að benda á að verndun fornleifa er líka umhverfisvernd á sama hátt og að náttúruvernd er umhverfismál.
4. Allir hagsmunaaðilar eru sammála um að fjármagn sem veitt er í svið minjaverndar á skipulagðan hátt skilar sér til baka. Bent var á nokkurs konar snjóboltaáhrif þar sem markvissari aðgerðir og skráning og

miðlun á minjum og sögu dregur að aukinn áhuga og fleira fólk sem aftur skapar auknar tekjur til að vinna með. Hér þarf að vanda vel það líkan sem lagt verður til að unnið sé eftir. Það þarf að hafa í huga við útfærslu verkefna sem tengjast minjavernd, á hvern hátt meta á vilja gesta til að greiða fyrir þjónustu, útfærslu tengdrar þjónustu eins og minjasölu og veitingasölu o.s.frv. Hér þarf að vinna nokkurskonar rekstrarlíkan sem tekur tillit til hagrænna sem og menningarlegra þátta.

5. Samhliða stofnun öflugss framtakssjóðs er nauðsynlegt að skoða aðrar leiðir til að afla fjármagns. Lykilatriði er samtakamáttur allra hagsmunaaðila á svæðinu þar sem samþætta þarf bein fjárfrahlög, stuðning í gegnum hlutafé í stærri verkefnum og sjálfboðavinnu af einhverju tagi. Ekki síst er horft til sterkra aðila í umhverfinu eins og Landsvirkjunar sem hefur að ýmsu leyti verið fyrirmynd í afstöðu, nálgun og stuðning við minjavernd. Leikreglur í slíkum stuðningi þurfa að vera vel skilgreindar. Kjarni málsins er þessi; leita þarf markvisst nýrra leið til að afla fjármagns.
6. Horfa þarf til útlanda til að afla aukins fjármagns til málaflokksins. Kanna þarf til hlítar þá möguleika sem felast í stuðningi Evrópusambandsins en einnig hvort ónýtt tækifæri liggja í Evrópska landslagssáttmálanum.

VII. Fornleifavernd og ferðapjónusta

1. Aukin samvinna fornleifaverndar og aðila í ferðapjónustu þarf að byggja á skýrri stefnumörkun um þær áherslur sem leggja á til grundvallar slíku samstarfi. Stefnumótun þarf að vera leiðarljós hagsmunaaðila og á þann hátt vegvísir fyrir sameiginlega markmiðasetningu og aðgerðir.
2. Lykilatriði í framtíðarsýn verndun fornleifa og ferðapjónustunnar er að samþætta alla þá þætti sem skapa jákvæða og uppbyggilega upplifun fyrir gesti og gangandi. Það þýðir að horft er á menningu, listir, verndun fornleifa og ferðapjónustu á heildstæðan hátt með þarfir samfélagsins alls í huga. Það þýðir að vitund og skilningur einstaklinga á sögunni og þýðingu hennar fyrir nútímann styrkist.
3. Mikil tækifæri virðast liggja í aukinni samvinnu á milli fræðimanna á sviði fornleifaverndar og ferðapjónustuaðila. Hagsmunir beggja fara að stórum hluta saman þar sem um er að ræða tengingu áhugaverðra staða og sögunnar við samfélagið og fólk sem vill skoða menningarmínjar. Snertifletir við gesti og gangandi eru þeir sömu og því allar forsendur til að nýta mögulega samvirkni á milli þessara aðila. Aukið samstarf getur bæði leitt lengt ferðamannatímann og dreift álagi á einstaka staði. Benda má á samstarf um Þjórsárstofu sem dæmi um menningartengda ferðapjónustu og vel heppnað samstarf þessara aðila.
4. Sérstaka áherslur verður að leggja á minjarnar sjálfar sem næsta stig á eftir skráningu þeirra. Þær mynda grunn að menningartengdri ferðapjónustu sem byggir á því að sagan lifnar við og verður órjúfanlegur hluti af upplifun gesta. Aukinn áhugi á útivist og hreyfingu sem liður í ferðapjónustu styður ágætlega við tengingu við minjar á stöðum úr alfaraleið. Um leið skapast forsendur til að auka áhuga heimamanna á hverjum stað fyrir sögu og fornminjum. Hér þarf að huga að þeim leiðum sem á að fara til að koma sögunni til skila, samblandi sýnilegra tilgátuhúsa og varðveislu minja. Finna þarf leið sem bæði skráir, varðveitir og miðlar.
5. Einkum þarf að leggja meiri áherslu á beina þátttöku gesta sem fléttar saman sagnfræði, nútíma samfélag og áhuga einstaklinga. Horfa þarf vítt á möguleikana t.d. með því að skoða bókmenntir sem tengjast svæðinu, náttúru, lífríki, jarðfræði, tónlist og veðurfar. Einnig má horfa til fleiri þátta í þjóðlífinu eins og leiklistar og kvikmyndagerðar. Allt miði að því að skapa umgjörð utan um upplifun gesta.
6. Til umhugsunar er að leggja sérstaka áherslu á handritamenningu sem það svið minja þar sem til staðar er mikil sérstaða. Með sönnu má segja að einstök handrit séu okkar Mona Lisa og því tækifæri til að nýta markvissar þá arleifð.
7. Ein birtingarmynd aukinnar samvinnu fræðimanna og aðila í ferðapjónustu er markvissari miðlun upplýsinga og fræðslu fyrir almenning. Tækifæri eru til að taka höndum saman og skipuleggja leiðir til að fræða og upplýsa þar sem form miðlunar tvinnar saman þekkingu fræðimanna á minjum og

þekkingu ferðaþjónustufólks á góðum leiðum til að miðla efni. Leita verður aðstoðar fleiri aðila í því verkefni svo sem markaðsfólks og aulýsingafólks ef þurfa þykir.

8. Mikilvægt er að koma á föstum, reglubundnum samráðsvettvangi milli fræðimanna í verndun fornleifa og aðila í ferðaþjónustu. Ekki aðeins samráð aðila úr stjórnsýslunni heldur leita líka efir sjónarmiðum utan hennar. Markmiðið er að auka samráð og hugmyndavinnu í samhljómi við þau tækifæri sem aukin samvinna felur í sér. Til umhugsunar er að setja á laggirnar fast teymi sem hefur vel skilgreint hlutverk út frá ofangreindu markmiði. Mikilvægt er að huga að aðkomu allra hagsmunaaðila sem tengjast verkefninu þannig að öll sjónarmið komi fram og skili heildstæðri samvinnu. Hér skiptir miklu máli að leikreglur, ferlar, viðmið, vald og ábyrgð séu skýr til að koma í veg fyrir mögulegan þrýsting einstaka stjórnmalamanna sem vilja hafa áhrif á forgangsröðina. Sjálfsagt er að hlusta á rök en faglegt mat með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi verður að ráða för.
9. Sérstaka áherslu á að leggja á rannsóknir og greiningu á sviði fornleifaverndar og ferðaþjónustu. Það þýðir ákveðið stöðumat á einstökum svæðum og tækifærum til úrbóta, en um leið verður áhersla lögð á að meta þarfir, óskir og langanir samfélagsins og þeirra gesta sem koma í heimsókn. Hér er mikilvægt að skilgreina einstaka markhópa (heimamenn, gestir, útlendingar o.s.frv.) sem hjálpa til við útfærslu sóknarfæra og miðlun upplýsinga. Á þennan hátt verða áherslur og útfærslur á samvinnu markvissari og líklegri til að skila þeim árangri sem stefnt er að.

VIII. Skilgreiningar

1. Stór þáttur í stefnumótun á sviði fornleifa er að skilgreiningar liggi fyrir á þeim lykilhugtökum sem fjallað er um og móta á stefnu um. Samstaða þarf að vera um grunnhugtök og merkingu þeirra. Sem dæmi má nefna að nauðsynlegt er að minjamál verði skilgreind sem umhverfismál og að fjárveitingavaldið hafi þann skilning á sviðinu. Um leið styrkjast forsendur til að sækja fé út frá þeirri skilgreiningu.
2. Samstaða verður að vera um hvað fornleifar og menningarminjar eru, ekki bara í lagalegum skilningi heldur líka því sem snýr að almennum áhuga og áherslum á þessu sviði. Skilgreina þarf minjavernd og þá einnig það sem snýr að formi verndarinnar ekki síður en einungis verndun þeirra. Inn í þetta fléttast umræða um huglægar og hlutlægar hliðar minja.
3. Önnur atriði þarfnast umræðu í tengslum við mótun stefnu og skilgreiningar svo sem tengsl minja við menningu, mannlíf, náttúru, þjóðgarða og almennt landslag. Skilgreina þarf mögulegan áherslumun á rannsókn og skráningu minja í dreifbýli eða þéttbýli, þar sem minjar í því síðarnefnda eru óðum að hverfa. Þær minjar sem liggja undir skemmdum og eru nokkurs konar jaðarminjar þurfa að fá sérstaka athygli þar sem ólíklegt er að frumkvæði til verndar þeim og skráningu komi frá heimamönnum ef ávinningurinn er ekki þeim mun betur skilgreindur.

IX. Rannsóknir, framkvæmdir og skráning

1. Rannsóknir geta orðið til vegna kröfu Fornleifaverndar ríkisins vegna mats á umhverfisáhrifum, vegna kröfu vegna skipulagsmála og byggingaframkvæmda eða þá að fornleifafræðingar óska eftir að fá að hefja vísindarannsókn. Þannig er fornleifaskráning undanfari uppgraftrar sem er gerður í kjölfarið. En frumvæði rannsókna á að byggja á áhuga og vilja til að rannsaka fortíðina og söguna, skrá hana og miðla til samtíðarinnar. Með öðrum orðum; það á ekki að vera ill nauðsyn að rannsaka eða skylda vegna umhverfismats.
2. Framkvæmd á sviði fornleifaverndar ber þess einhver merki að framkvæmdaraðilar verða samkvæmt lögum að framkvæma rannsóknir hvort sem þær kosta mikið eða lítið. Hér þarf að tryggja að alltaf sé brugðist rétt við þegar minjar finnast. En að sama skapi að hugað sé að þeim á skipulagsstigi við framkvæmdir eins og Landsvirkjun gerir. Enda geta menningarminjar skapað framkvæmdaraðila möguleg tækifæri þegar vinnu er lokið.
3. Allir eru sammála um að skráning fornleifa er stærsta einstaka verkefnið sem staðið er frammi fyrir. Staðan í dag er óviðunandi þar sem eftir er að skrá um 70% af landinu og með hverju árinu sem líður er

hætta á að ómetanlegar minjar glattist. Ríkið sjálft er stærsti landeigandinn þar sem minjar eru og því eðlilegt að þaðan komi stærstur hluti þess fjármagns sem nauðsynlegt er til að skrá minjarnar.

4. Markmiðið er að skrá allt landið sem heildstæða skráningu en í því verkefni verður að leita markvisst eftir góðum lausnum við útfærsluna svo sem með samvinnu stofnana eins og Stofnunar Árna Magnússonar. Einnig þarf að nota öflugt kerfi sem auðveldar vinnuna fyrir alla þá sem koma að verkefninu. Benda má á hugmyndafræðina á bak við „Crowdsourcing“ eða Wikipedia sem mögulega leið þar sem þekking fjöldans er nýtt til að létta vinnuna. Gæta þarf þó vel að faglegum kröfum þegar slíkar leiðir eru nýttar við skráningu fornleifa.
5. Upplýsingakerfið og gagnagrunnar þjóna mikilvægu hlutverki í skráningu og verndun fornleifa. Skipuleggja þarf hvaða skráningar fara í landupplýsingakerfi og hvaða skráningar verða tengdar umhverfismati framkvæmda á svæðinu. Tiltæknar grunnupplýsingar þurfa að liggja fyrir við upphaf skipulagningar landnotkunar á sama hátt og upplýsingar um íbúafjölda og náttúrufar.
6. Gagnagrunnur forleifarannsóknar og skráningar er því lyklatríði og forsenda framfara og betri stöðu. Marka þarf stefnu í uppbyggingu miðlægs gagnagrunns og samræma notkun hans m.a. með skilgreindum gátlistum til að styrkja aðgengi og notkun.
7. Samræmdur, miðlægur gagnagrunnur er forsenda öflugrar miðlunar á niðurstöðum. Hér þarf að leita leiða til að pakka inn fróðleik og sögu á samþætta hátt sem horfir líka til annarra þátta í samfélaginu. Byggja þarf upp tengslanet á milli ólíkra greina mannlífsins til að skapa áhugaverða upplifun af þeim upplýsingum sem er miðlað. Tengja betur fagið og fólkið.

X. Miðlun

1. Flóra og möguleikar miðlunar fara vaxandi. Benda má á virkari samskipti milli gagnagrunns og neytenda þar sem tækninni hefur fleygt fram og skapað marga möguleika á að gera hlutina spennandi. Um leið hefur vöxtur samfélagsmiðla eins og Fasbókarinnar (Facebook) búið til vettvang sem getur margfaldað miðlun áhugaverðra upplýsinga um minjar og sögu.
2. Möguleikarnir eru í raun óþrjótandi. Á markvissan og lifandi hátt er hægt er að draga upp heimsmynd fyrri tíma með því að tengja saman fornminjar, sögu, annála, listaverk, tónlist og bókmenntir saman í heild og miðla áfram út í samfélagið. Ekki bara hefðbundna fræðsluþætti eins og Kristján Eldjárn var með fyrir 40 árum, heldur nútímalega framsetningu sem byggir á samskiptum, spurningum og svörum á milli einstaklings og efnis. Um leið er verið að virkja almenning.
3. Sérstaklega er hægt að horfa til útlendinga hvað varðar markvissa miðlun. Það er leið til að styrkja sérstöðu Íslands og draga fram þá sérstöku sögu og arfleifð sem þjóðin er svo stolt af. Um leið getur aukin áhersla á miðlun sögunnar til útlendinga skapað forsendur fyrir því að sækja fjármagn til verkefna. Stofnun skóla eða fræðaseturs er möguleg með aðkomu áhugasamra erlendra aðla og þar er hægt að tvíanna saman umhverfismál, náttúru, sögu og minjar.

XI. Næstu skref

Mikilvægt er að byggja á þeirri frjóu, málefnalegu og uppbyggilegu umræðu sem átti sér stað á málþingi Fornleifaverndar ríkisins. Skynsamlegt getur verið að setja saman þverfaglegan umræðuhóp sem horfir á niðurstöður umræðunnar og metur næstu skref. Ljóst er að það er margt sem brennur á málaflokknum en að sama skapi liggur fyrir að fjölmörg tælfæri eru í stöðunni til að skerpa stefnu og styrkja samstarf hagsmunaaðila.

Verndun fornleifa og sögu þjóðarinnar á skilið að á henni sé tekið af skynsemi, sanngirni og festu.

Pátttakendur:

Agnes Stefánsdóttir	Deildarstjóri
Albína Hulda Pálsdóttir	Fornleifafræðingur
Anna Guðrún Þórhallsdóttir	Prófessor
Anna Lía Guðmundsdóttir	Deildarstjóri fornleifadeildar
Arnar Logi Björnsson	Fornleifafræðinemi
Auður Sveinsdóttir	Dósent
Álfheiður Ingadóttir	Alþingismaður/formaður Þingvallanefndar
Ármann Guðmundsson	Fornleifafræðingur
Ásborg Arnþórsdóttir	Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu
Ásta Hermannsdóttir	Meistaraneми í fornleifafræði
Bergur Þorgeirsson	Forstöðumaður
Bjarni F. Einarsson	Fornleifafræðingur
Brynja Björk Birgisdóttir	Fornleifafræðingur
Elín Ósk Óskarsdóttir	Fornleifafræðingur
Erna Bára Hreinsdóttir	Verkefnastjóri
Garðar Guðmundsson	Fornleifafræðingur
Guðbjörg Melsted	Fornleifafræðingur
Guðjón Magnússon	Námsmaður
Guðlaug Vilbogadóttir	Fornleifafræðingur
Guðmundur Ólafsson	Fagstjóri
Guðný Gerður Gunnarsdóttir	Borgarminjavörður
Guðný Zoëga	Deildarstjóri
Guðríður Þorvarðardóttir	Sérfræðingur /umhverfisfræðingur
Guðrún Halla Gunnarsdóttir	Verkefnisstjóri, aðalskipulag
Guðrún Jóna Þráinsdóttir	Fornleifafræðingur
Gunnar Bollason	Verkefnastjóri
Helga Haraldsdóttir	Skrifstofustjóri
Helgi Jóhannesson	Verkefnastjóri
Hjörleifur Stefánsson	Arkitekt
Hulda Guðmundsdóttir	Skógræktarbóndi
Inga Birgitta Spur	Safnstjóri
Jakob Orri Jónsson	Fornleifafræðingur
Jesse Byock	Prófessor
Jónatan Garðarsson	Dagskrárgerðarmaður
Kristinn Magnússon	Deildarstjóri umhverfismats
Kristín Huld Sigurðardóttir	Forstöðumaður
Lára Magnúsardóttir	Forstöðumaður
Magnús A. Sigurðsson	Minjavörður vesturlands
Margrét Hallmundsdóttir	Fornleifafræðingur
Margrét Björk Magnúsdóttir	Fornleifafræðingur
Oddgeir Isaksen	Fornleifafræðingur
Ragnheiður Erla Bjarnadóttir	Fornleifafræðingur
Ragnheiður Traustadóttir	Stjórnandi Hólarannsóknin
Ragnheiður Þórarinsdóttir	Sérfræðingur
Rögnvaldur Guðmundsson	Ferðamálaráðgjafi

Sigríður Sigurðardóttir
Sigurður Bergsteinsson
Sigurður Jónsson
Sindri Ellertsson Csillag
Sólrún Inga Traustadóttir
Steinunn Harðardóttir
Uggi Ævarsson
Vala Garðarsdóttir
Valdimar Harðarson
Þór Hjaltáin
Þór Magnússon
Þórhildur Sigurðardóttir

Safnstjóri
Minjavörður Norðurlands eystra
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fornleifafræðingur
Fornleifafræðingur
Ferðamálafræðingur
Minjavörður Suðurlands
Fornleifafræðingur
Landslagsarkitekt
Minjavörður
Fyrirv. Þjóðminjavörður
Leiðsögumaður /skrifstofa Félags leiðsögumanna.